

DRÖG 7. des. 2020



Dalabyggð

DRÖG

**Greinargerð
með fjárhagsáætlun Dalabyggðar
2021-2024**

10. desember 2020
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

DRÖG 5. des. 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2021	3
A- og B hluti sveitarsjóðs.....	3
00 Skatttekjur.....	3
02 Félagsþjónusta	3
03 Heilbrigðismál.....	3
04 Fræðslu- og uppeldismál	3
05 Menningarmál.....	4
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	4
07 Brunamál og almannavarnir.....	4
08 Hreinlætismál	4
09 Skipulags- og byggingarmál.....	4
10 Umferðar- og samgöngumál	4
11 Umhverfismál.....	4
13 Atvinnumál	4
20 Framlög til B-hluta fyrirtækja	4
21 Sameiginlegur kostnaður	5
22 Lífeyrisskuldbindingar	5
28 Fjármagnsliðir.....	5
31 Eignasjóður.....	5
43 Vatnsveita.....	5
53 Dvalar- og hjúkrunarheimilð Silfurtún.....	5
57 Leiguibúðir.....	5
61 Fráveita.....	5
65 Dalaveitur ehf.....	5
Dalagisting.....	5
Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir	5
Fjárfestingar	6
Skuldir og fjárhagstaða.....	6
Árin 2022-2024.....	6
Annað	6

DRÖG 5. des. 2020

Inngangur

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2021-2024 kom til fyrstu umræðu á fundi sveitarstjórnar 12. nóvember síðastliðinn. Byggðarráð hóf undirbúning að áætluninni í maí og á fundi sínum 7, maí beindi ráðið því til nefnda sveitarfélagsins að ræða áætlunina fyrir árið 2021 á fundum sínum í maí og júní, sérstaklega þá þætti sem varða fjárfestingar/framkvæmdir. Í framhaldinu ræddu allar nefndir fjárhagsáætlun á fundum sínum.

Alls fjallaði byggðarráð um áætlunina á átta fundum, þar af tvívar milli umræðna. Einnig var fjárhagsáætlunin rædd í öllum nefndum. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 á sveitarstjórn að fjalla um fjárhagsáætlun í 2 umræðum og skal sú fyrri fara fram eigi síðar en 1. nóvember og hin síðari ekki síðar en 15. desember. Vegna Covid-19 veitti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sveitarfélögum til að seinka þessum tímasetningum til 1. desember og 31. desember.

Fyrsta útgáfa áætlunarinnar var unnin af deildarstjórum hinna ýmsu eininga og skrifstofu Dalabyggðar. Vil ég þakka öllum fyrir þá vinnu.

Launakostnaður er áætlaður út frá fjölda stöðugilda og launasetningu. Áætlanir um tekjur byggja á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, áætlunum og viðmiðunum Sambands íslenskra sveitarfélaga, upplýsinga frá Þjóðskrá um fasteignamat og þjóðhagsspá.

Óvissa er í áætluninni vegna COVID-19 og þeirra áhrifa sem farsóttin hefur á efnahagsástandið. Kjarasamningar liggja hins vegar allir fyrir þannig að óvissa um þróun launakostnaðar er ekki til staðar eins og undanfarin ár.. Þó svo að áætlunin núna sé í jafnvægi og með smávægilegum afgangi þá er óvissan það mikil að gera má ráð fyrir að breyta þurfi henni með viðaukum á næsta ári og meiri líkur en minni að árið 2021 komi út í halla.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu fjármál sveitarfélaga vera í samræmi við annars vegar svonefndra jafnvægisreglu (heildarútgjöld á þriggja ára tímabili mega ekki vera hærri en reglulegar tekjur á sama tímabili) og hins vegar skuldareglu (skuldaviðmið má ekki vera hærra en 150%). Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin stenst þessar reglur. Vegna efnahagskreppunnar í tengslum við COVID-19 hafa þessar verið afnumdar tímabundið

Gert er ráð fyrir að álagningaráhlutfall útsvars verði 14,52% sem er óbreytt frá yfirstandandi ári. Álagningaráhlutfall fasteignaskatts, er einnig óbreytt milli ára en fasteignamat í Dalabyggð hefur hækkað um 5,2%. Hlutfall vegna lóðagjalfa er óbreytt en hins vegar lækkar lóðarmat og þ.a.l. gjöld vegna þeirra, Álagningaráhlutfall vegna holræsajalda fer í 0,19% en vatnsgjald verður óbreytt 0,29%. Breytingar á gjaldskrám eru breytilegar eftir málaflokkum.

Fjárhagsáætlunin er sett lögð fram með þessari greinargerð og skjali sem í fundargögnum heitir „xxxxxxxxxx.pdf“. Komi það upp að mismunur sé milli talna í því skjali og þessari greinargerð, þá eru það tölurnar í skjalinu sem gilda en ekki greinargerðin.

DRÖG 5. des. 2020

Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2021

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 13,8 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 13,3 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 1,6 milljarður króna í árslok 2021, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 729 milljónir króna og eigið fé um 841 milljónir króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 45,9 milljónir króna eða 5,7% og samantekið fyrir A- og B-hluta 62,7 milljónir króna, eða um 6,1% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar samtals að fjárhæð 145,5 milljónir króna. Um er að ræða kostnað vegna sorphirðu, fráveitu, Silfurtúns, gatnagerðar og íþróttamannvirkja auk minni verkefna vegna viðhalds eigna.

A- og B hluti sveitarsjóðs

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2021 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2022–2024 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnum með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu sveitarfélagsins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Dvalarheimilið Silfurtún, Fasteignafélagið Hvammur ehf., Félagslegar íbúðir, Fráveita, Dalagisting ehf., Dalaveitur ehf., Vatnsveita og byggðasamlag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um brunavarnir. Byggðasamlagið er fært sem B-hluta stofnun hjá Dalabyggð þar sem sveitarfélagið greiðir yfir 50% af rekstrarkostnaði þess.

Í umfjöllun hér á eftir er áætlun 2021 borin saman við útkomuspá 2020.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki ekki verulega milli ára eða rétt um 2% og verði 386,7 milljónir kr á árinu 2021. Skv. áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða framlög til Dalabyggðar 289,4 milljónir króna en það er er um 6,8% milli ára en þó um 5% lægri en árið 2019. Fasteignaskattur hækkar vegna hækkaðs fasteignamats. Í heildina hækkar málaflokkurinn um 4,5% milli ára.

02 Félagsþjónusta

Félagsþjónusta breytist lítið milli ára yfirstandandi ári. Samningur er við Borgarbyggð um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu vegna fatlaðra. Alltaf er þó ákveðin óvissa með þessa þætti.

03 Heilbrigðismál

Heilbrigðismál hækka um 52% en ástæðan fyrir því er hækjun á eftirlitsgjöldum hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Hækkar um 4 millj. kr. milli ára eða um 1%. Fræðslumál taka til sín um 53% skatttekna sveitarfélagsins eða 35% heildartekna. Meirihluti fjármagns til fræðslu- og uppeldismála er vegna launakostnaðar eða um 75% enda stærsti vinnustaður Dalabyggða með ~~???~~ % af stöðugildum hjá sveitarfélagini sem skiptist niður í grunnskóla-, leikskóla-, tónlistardeild og mótmeyti og er helsta skýring á breytingu á kostnaði launakostnaður og breytingar á starfsmannahaldi.

Commented [SD1]: Vantar tölu hér.

DRÖG 5. des. 2020

05 Menningarmál

Gert er ráð fyrir að málaflokkurinn lækki um 3 millj. kr. milli ára eða um 4,2%. Helsta skýringin er breyting á starfsmannahaldi í Dalabúð og gert er ráð fyrir minni kostnaði vegna viðhalds á Eiríksstöðum. Húsnaðismál Byggðasafnsins eru áfram í mikilli úvissu.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir 0,8 millj. kr lækkun eða 1,5%. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri íþróttamannvirkjanna á Laugum miðað við árið 2020.

07 Brunamál og almannavarnir

Bakvakt stjórnanda er alla daga utan dagvinnutíma. Hún er sameiginleg fyrir allt svæði byggðasamlags Dala, Reykhóla og Stranda um brunavarnir. Í áætluninni er gert ráð fyrir 1,4 millj. kr. lækkun eða 4,8%. Heildarkostnaður Dalabyggðar í rekstri byggðasamlags um brunamál er um 52% en skipting kostnaðar fer eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags.

08 Hreinlætismál

Áætluð hækkuð er 1 millj. kr. eða 3,1%. Verulegar breytingar verða á árinu á söfnun, meðferð, flokkun og förgun úrgangs en verðskrá hækkar vegna þess. Töluverðar hækkanir eru á verðskrá varðandi hirðingu og flokkun dýrahraðja. Samkvæmt lögum eiga gjöld í þessum málaflokir að standa undir kostnaði við hann. Svo er ekki nú og sílkt gengur ekki til lengdar. Þess er því að vænta að gjöld muni áfram hækka verulega á næstu árum. Góðu fréttirnar eru að hægt er að draga úr þessum kostnaði með því að minnka magn sorps og vanda enn betur til allrar flokkunar.

09 Skipulags- og byggingarmál

Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður haldist óbreyttur milli ára. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við aðalskipulagsgerð en hún er langt komin og sveitarfélagið fær mótframlag frá ríkissjóði vegna þeirra vinnu.

10 Umferðar- og samgöngumál

Gert er ráð fyrir hækkuð um 3,3 millj.kr. eða 48%. Ekki er áætlað vegna styrkvega heldur verður það tekið upp þegar upphæð á styrkjum liggur fyrir.

11 Umhverfismál

Áætluð er lækkun um tæpa 1 millj.kr eða 7%. Þó hefur verið gerð ráð fyrir hækkuð á öllum þjónustusamningum vegna minka- og refaeyðingar sem samsvarar launavístitoluhækku milli ára.

13 Atvinnumál

Lækkar um 1,5 millj.kr. eða 6,8%. Það skýrist aðalega af rekstri Skarðstöðvar þar sem undanfarið hefur verið starfandi hafnarvörður. Nýtt í þessum málaflokki er starfsemi Nýsköpunarseturs í Búðardal. Það er verkefni sem hefur undirbúið á árinu 2020 og ræðst framhald þess af því hvort ríkið muni ljá húsnaði undir starfsemina.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

Gert er áframhaldandi framlögum til reksturs Silfurtúns sem er áætlað að þurfi rúm 7 millj. til að standa undir skuldbindingum vegna rekstursins.

DRÖG 5. des. 2020

21 Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að kostnaður breytist lítið. Gert er ráð fyrir kostnaði og tekjum vegna alþingiskosninga, eins er gert ráð fyrir að þjónustusamningar sveitarfélagsins muni taka hækjunum skv. launavísitölu.

22 Lífeyrisskuldbindingar

Tekur breytingum árhvert miða við þróun vísitölu og hversu margir eru að taka út lífeyrir.

28 Fjármagnsliðir

Gert ráð fyrir að fjármagnsliðir lækki um 1,1 millj eða 9,1% og er aðallega vegna breytinga á fyrirkomulagi á innri lánum milli A og B hluta rekstrar.

31 Eignasjóður

Sjá fjárfestingar.

43 Vatnsveita

Gert ráð fyrir óbreyttum rekstri en fjárfestingar og kostnaður vegna vatnsveitu er gjarnan mismunandi milli ára m.a. vegna þess ef bilanir koma upp.

53 Dvalar- og hjúkrunarheimilð Silfurtún

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri. og að Dalabyggð greiði um 7 millj. kr. með rekstrinum. Farið hefur verið fram á Heilbrigðisstofnun Vesturlands taki við heimilinu en því hefur verið hafnað af stofnuninni. Erindi hefur verið sent til heilbrigðisráðuneytisins en svör hafa ekki fengist um rekstrarvanda heimilisins. Á Silfurtúni eru 2 Dvalarrými og 10 hjúkrunarrými, heildargreiðslur frá Sjúkratryggingum til rekstrar heimilisins eru kr. 166,0 millj en árið 2020 hækkuðu framlög til heimilisins tölувert í formi smæðarálags eða rétt um 5%. Á Silfurtúni hefur verið 1 leigurými. Silfurtún á og rekur 2 íbúðir fyrir aldraða. Sá rekstur stendur ekki undir sér.

57 Leiguíbúðir

Leigutekjur standa undir beinum rekstrarkostnaði en einungis hluta afskrifta og fjármagnsgjálfa.

61 Fráveita

Gert er ráð fyrir framkvæmdum við útrás fráveitu frá Búðardal, sjá fjárfestingar.

65 Dalaveitur ehf

Á árinu verða einhverjar viðbótartengngar en félagið á að fara að komast í stöðugan rekstur. Dalaveitur ehf mun sjá um rekstur hitaveitunnar á Laugum.

Dalagisting

Dalagisting er rekstrarfélag sem á og leigir út hótelhluta bygginganna á Laugum. Á árinu 2020 var félagið tekjulaust vegna COVID-19 og mikil óvissa er um það hvernig honum verður háttáð 2021.

Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir

Sjá umfjöllun um málaflokk 07.

DRÖG 5. des. 2020

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum sem gert er ráð fyrir að færist til eignar á efnahagsreikningi:

Leifsbúð	1.000.000
Auðarskóli	1.500.000
Fráveita	15.000.000
Sorpmál	17.000.000
Gatnagerð	4.000.000
Íþróttamiðstöð	100.000.000
Dalabúð	2.000.000
Silfurtún	5.000.000

Hluti af fjárfestingarliðunum er áframhaldandi viðhald á fasteignum sveitarfélagsins en einnig nýframkvæmdir við fráveitukerfi og íþróttamiðstöð í Búðardal, sem og gatnaframkvæmdum.

Skuldir og fjárhagstaða

Afborganir langtímalána verða um 38,2 millj. kr. á árinu 2021 og skuldastaða Dalabyggðar ætti því ekki að breytast að neinu marki. Skuldahlutfall verður um 68,6% af tekjum. Framlegð verður um 5,67% og má ekki vera minni. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok verði um 42 millj. kr. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttamiðstöð í Búðardal verða tekin ný lán en ekki er í áætlunum gert ráð fyrir sölu fasteigna á Laugum fyrr en á árinu 2022.

Árin 2022-2024

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og að rekstrarniðurstaða verði jákvæð öll árin. Gert er ráð fyrir að árin 2021 og 2024 verði lántökur samtals 250 m.kr. Þær lántökur munu þurfa að koma til vegna uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í Búðardal sem áætlunin gerir ráð fyrir. Niðurstaða séfræðiálits, sem aflað var í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr 138/2011, er að fjárfestingin í íþróttamannvirkjum hafi ekki verulega íþyngjandi langtímaáhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins.

Annað

Á árinu 2021 er miðað við að unnið verði að eftirfarandi þó ekki séu settar upphæðir á það í áætlun:

- Sala á Fasteignafélaginu Hvammi
- Fylgja eftir skráningu fasteigna og að matstig þeirra sé rétt
- Eins og fram kemur hér framar eru Húsnaðismál Byggðasafns Dalamanna í óvissu. Sótt verður um styrki vegna þess með fyrirvara um að lausn finnist.
- Samkvæmt fjögurra ára áætluninni er gert ráð fyrir að húseignir og íþróttamannvirkir á Laugum verði seld á árinu 2022.